

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 899/2009

2021/EES/43/20

frá 25. september 2009

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1290/2008 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir blöndu með *Lactobacillus rhamnosus* (CNCM-I-3698) og *Lactobacillus farciminis* (CNCM-I-3699) (Sorbiflore)

(Texti sem varðar EES) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1290/2008 ⁽²⁾ fékk handhafi leyfis, Sorbial SAS, leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus rhamnosus* (CNCM-I-3698) og *Lactobacillus farciminis* (CNCM-I-3699) (Sorbiflore), sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ sem aukefni í fóðri.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um að breyta megi leyfinu fyrir aukefni á grundvelli beiðni frá leyfishafanum og álits frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu. Sorbial SAS hefur lagt fram umsókn með beiðni um að breyta nafni leyfishafa úr Sorbial SAS í Danisco France SAS að því er varðar reglugerð (EB) nr. 1290/2008.
- 3) Umsækjandinn fullyrðir að Sorbial SAS hafi verið breytt í Danisco France SAS frá og með 18. maí 2009. Danisco France SAS á nú markaðssetningarrétt fyrir þetta aukefni. Umsækjandinn hefur lagt fram viðeigandi skjöl því til stuðnings.
- 4) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfanna er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á

viðkomandi aukefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.

- 5) Til að gera umsækjanda kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn undir heitinu Danisco France SAS er nauðsynlegt að breyta skilmálum leyfanna.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1290/2008 til samræmis við það.
- 7) Rétt er að kveða á um aðlögunartímabil svo hægt sé að nýta fyrirbyggjandi birgðir.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 2. dálki færslunnar í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1290/2008 komi „Danisco France SAS“ í stað „Sorbial SAS“.

2. gr.

Fyrirliggjandi birgðir sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistökuðag þessarar reglugerðar má áfram setja á markað og nota þar til sex mánuðum eftir gildistökuðaginn.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. september 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 30, 10.6.2010, bls. 15.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 20.